

STJÓRNARTÍÐINDI A 23 — 1982

Nr. 81.

136

21. september 1982.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um Olíusjóð fiskiskipa og hækkun fiskverðs.

HANDHAFAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskránnar.

forsætisráðherra, forseti sameinads Alþingis og forseti Hæstaréttar.

gjöra kunnugt: Sjávarútvegsráðherra hefur tjáð oss, að vegna hækkandi olíuverðs til fiskiskipa og rekstrarvanda þeirra, sé óhjákvæmilegt að setja á stofn Olíusjóð, er greiði niður að hluta olíuverð til fiskiskipa. Olíusjóður þessi yrði að hluta fjármagnaður með greiðsluafgangi Tryggingasjóðs fiskiskipa en jafnframt er sjóðnum heimilað að taka lán. Jafnhliða þessum ráðstöfunum, er nauðsynlegt að hækka gildandi lágmarksverð á sjávarafla um 4%, frá 15. september 1982.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskránnar á þessa leið:

1. gr.

Olíusjóður fiskiskipa skal starfræktur í þeim tilgangi að greiða niður verð á brennsluolíu til íslenskra fiskiskipa á tímabilinu frá 1. september til 31. desember 1982, samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. laga nr. 5 13. febrúar 1976, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, sbr. 3. gr. laga nr. 2 1. febrúar 1980, skal varið til Olíusjóðs fiskiskipa allt að 30 milljónum króna af greiðsluafgangi Tryggingasjóðs fiskiskipa, samkvæmt 5. gr. laga nr. 5 13. febrúar 1976.

Einnig er Olíusjóði fiskiskipa heimilt að taka lán að fjárhæð allt að 30 milljónum króna. Ríkissjóði er heimilt að veita sjálfskuldarabyrgð fyrir láni þessu.

3. gr.

Almennt fiskverð, sbr. tilkynningu Verðlagsráðs sjávarútvegsins, nr. 17 1. september 1982, skal hækka um fjóra af hundraði, þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 1. gr. bráðabirgðalaga nr. 79 21. ágúst 1982, um efnahagsaðgerðir.

Hið nýja verð skal gilda frá 15. september til 30. nóvember 1982.

4. gr.

Ráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd laga þessarra.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 21. september 1982.

Gunnar Thoroddsen.

Jón Helgason.
(L. S.)

Logi Einarsson.

Steingrímur Hermannsson.